

## GJALDSKRÁ

### fyrir umhverfisgjöld í Vesturbyggð.

#### 1. gr.

Í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð nr. 214/2004, leggur sveitarfélagið gjöld á lögaðila, félög og/eða fasteignir innan sveitarfélagsins til að standa straum af kostnaði við sorphirðu, -endurvinnslu og -eyðingu.

#### 2. gr.

##### *A. Umhverfisgjald A.*

Umhverfisgjald er innheimt árlega fyrir einstakar íbúðir, þ.e. íbúðarhúsnæði 34.133 kr. fyrir hverja grátunnu og 8.000 kr. fyrir hverja blátunnu í þéttbýli og fyrir sumarhús 24.805 kr.

Hirðingargjald er innheimt árlega, 21.730 kr. á hverja sorptunnu í þéttbýli og dreifbýli á hverja sorptunnu.

Umhverfisgjald er innheimt með fasteignagjöldum. Hafi gjaldandi ekki greitt umhverfisgjald 30 dögum eftir gjalddaga leggjast á skuldina dráttarvextir og reiknast þeir frá gjalddaga.

##### *B. Umhverfisgjald B.*

Umhverfisgjald annarra lögaðila, iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæðis, fyrirtækja, stofnana, félaga og félagasamtaka er á ári sem hér segir:

Flokkur 1	74.466 kr.
Flokkur 2	148.926 kr.
Flokkur 3	223.389 kr.
Flokkur 4	372.315 kr.
Flokkur 5	521.241 kr.
Flokkur 6	893.557 kr.
Flokkur 7	skv. mati
Flokkur 8, málmar	32 kr. m. vsk. á kg

Bæjarstjórn skipar framangreindum aðilum í gjaldflokka skv. mati skipaðrar matsnefndar. Matsnefndin er skipuð af bæjarstjóra, sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs. Mat nefndarinnar tekur mið af umfangi starfsemi og sorpsamsetningu viðkomandi aðila. Þau atriði sem hafa áhrif á matið eru nánar skilgreind í meðfylgjandi gjaldskrárviðauka. Matsnefnd er heimilt að endurskoða mat sitt telji hún ástæðu til að ætla að aðstæður aðila hafi breyst.

Umhverfisgjald innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir en þeim sem ekki eiga fasteignir mun verða gert að greiða gjaldið skv. reikningi sem gefinn verður út í byrjun árs. Gjald fyrir málma skilað á sorpmóttökustöðvar innheimtist samkvæmt reikningi. Gjalddagar umhverfisgjalda verða þeir sömu og fasteignagjalda. Hafi gjaldandi ekki greitt umhverfisgjald 30 dögum eftir gjalddaga leggjast á skuldina dráttarvextir og reiknast þeir frá gjalddaga.

#### 3. gr.

Að lokinni álagningu umhverfisgjalds B. gefst gjaldendum 30 daga gjalfrestur til að gera athugasemdir við skipun í gjaldflokk. Oski gjaldandi endurskoðunar á skipun í gjaldflokk skal hann leggja fram skriflega greinargerð, þar sem fram kemur ítarlegur rökstuðningur við ástæður þess að gjaldandi telur flokkun óréttmæta. Matsnefnd mun taka greinargerðina til skoðunar og leggja sitt álit fyrir bæjarstjórn sem tekur endanlega afstöðu til gjaldflokks viðkomandi.

#### 4. gr.

Matsnefnd er heimilt að leita álits sorphirðuverktaka um umfang og eðli þess sorps sem fellur til hjá einstökum gjaldendum umhverfisgjalds B. Slík álitsgerð skal vera skrifleg og óski gjaldandi þess skal matsnefnd útvega honum afrit af álitsgerðinni. Nefndin getur nýtt sér þetta álit til að ákvarða nánar skipun aðila í gjaldflokk. Telji nefndin að gjaldflokksviðmiðanir í viðauka, t.d. starfsmanna-

fjöldi, gefi ekki rétta mynd af eðli og/eða umfangi þess sorps sem til fellur hjá einstökum aðilum er henni heimilt að víkja frá viðmiðum. Nefndin getur einnig nýtt sér álit sorphirðuverktaka til að ákvarða gjald einstakra aðila sem er skipað í 7. flokk gjaldskrárinnar. Endanlega afstöðu til flokkunar aðila í gjaldflokka tekur bæjarstjórn.

#### 5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar á 355. fundi þann 9. desember 2020, er sett samkvæmt 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og skv. ákvæðum í samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vesturbyggð nr. 214/2004. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2021 og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir umhverfisgjöld í Vesturbyggð nr. 1283/2019.

*Vesturbyggð, 10. desember 2020.*

**Rebekka Hilmarsdóttir** bæjarstjóri.

### VIÐAUKI Skilgreining gjaldflokka umhverfisgjalta B.

Eftirfarandi viðmiðanir eru notaðar við mat á flokkun aðila í gjaldflokka vegna umhverfisgjalda B í gjaldskrá Vesturbyggðar fyrir umhverfisgjald:

1. flokkur:

- a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki (0-2 starfsmenn).
- b) Söluturnar án veitingaaðstöðu.
- c) Smærri verslanir (fata-, gjafavöru- og minjagripaverslanir).
- d) Lítill hótél eða gistiheimili (fyrir 0-10 gesti).
- e) Bílaleigur.

2. flokkur:

- a) Lítill iðn- og þjónustufyrirtæki (0-2 starfsmenn).
- b) Meðalstór hótél eða gistiheimili (fyrir 11-25 gesti).
- c) Söluturnar með veitingaaðstöðu og litlir veitingastaðir (fyrir 0-10 gesti).
- d) Litlir skólar (0-15 nemendur).
- e) Leikskólar.
- f) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki (3-5 starfsmenn).
- g) Litlar fiskverkanir (0-100 tonn/ári).

3. flokkur:

- a) Miðlungs veitingastaðir (11-15 gestir).
- b) Miðlungs verslun.
- c) Áhaldahús.
- d) Miðlungs skólar (16-30 nemendur).
- e) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki (6-8 starfsmenn).
- f) Stærri hótél eða gistiheimili (fyrir 26 eða fleiri gesti).
- g) Bifreiðaverkstæði, rafverktakar, hjólbarðaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (3-4 starfsmenn).
- h) Miðlungs fiskverkanir (101-500 tonn/ári).

4. flokkur:

- a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki (9 eða fleiri starfsmenn).
- b) Stærri skólar (31 nemandi eða fleiri).
- c) Matvöruverslanir og stærri verslanir.
- d) Stærri veitingahús (16 gestir eða fleiri).
- e) Stærri fiskverkanir (501-1.000 tonn á ári).

Nr. 1456

10. desember 2020

- f) Bankar og sparisjóðir.
- g) Bifreiða-, rafverktaka- og vélaverkstæði og önnur iðnfyrtækni (5-7 starfsmenn).
- h) Bensínstöðvar.

5. flokkur:

- a) Minni fiskvinnslustöðvar (100-2.000 tonn/ári).
- b) Stærri iðn- og þjónustufyrirtækni (8 starfsmenn og fleiri).

6. flokkur:

- a) Stórar fiskvinnslustöðvar (2.000 tonn/ári og yfir).
- b) Heilbrigðisstofnun.

7. flokkur:

- a) Fyrirtæki sem rúmast illa innan flokka 1-6. Gjald lagt á skv. mati nefndar að lokinni athugun á umfangi og eðli þess sorps sem til fellur frá gjaldanda.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2020